

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar.

1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snertir, felur bæjarstjórn bæjarráði.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til fasteignaskatts og vatni er veitt í, eða standa svo nærri vatnsæðum, að þær séu nothæfar til eldvarna, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rétt á að fá vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna, að undanskildu virðingarverði lóðanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því.

3. gr.

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 3% af fasteignamatsverði húsanna.

4. gr.

Fyrir öll vatnsafnot, sem fram yfir eru venjulegar heimilisþarfir, skal greiða, nema öðruvísi sé um samið við bæjarstjórn:

- a. Fyrir vatn á sildar- og kjötpækil 7 aurar fyrir hverja tunnu sildar eða kjöts.
- b. Fyrir vatn til fiskþvotta 22 aurar fyrir hvert skipfund.
- c. Fyrir vatn til annarrar notkunar eftir mati, þannig að 30 aurar greiðast fyrir hvert tonn upp að 1000 tonnum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun bæjarráðs og eftir því hve mikið er notað. Notandi skal hafa löggiltan vatnsmæli og greiðir fyrir hann kr. 10.00 í ársleigu. Enginn má setja hreyfivélar í samband við vatnsæðar án leyfis bæjarráðs.

5. gr.

Fyrir vatn til skips skal greiða við afhendingu fyrir hverja smálest kr. 2.50, ef tekið er yfir 20 smálestir, ella kr. 3.00, þó sé aldrei greitt minna í hvert skipti en kr. 10.00 fyrir fiskiskip og kr. 20.00 fyrir öll önnur skip. Bæjarráð getur þó fyrir eitt ár í senn eða skemmri tíma gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjald eða mánaðargjald af skipum.

6. gr.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum og getur þá bæjarstjórn ákveðið fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskatt þenna um allt að 50%.

7. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. júlí ár hvert.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og má byrja á að gera lögtak í hinu skattskylda húsi, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðréttar í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Bæjarstjórnin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þurfa þykir, til þess að leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar þegarins, og séu þeir skyldir að hlíta

vinnukaup-taxta þeim, sem bæjarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá bæjarvatnsveitunni í hús eða um þau, eða gera breytingar á vatnsæðunum. 190
18. nóv.

9. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

10. gr.

Umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

11. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt að loka vatnsæðunum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, og enn fremur fyrir þeim, sem ekki greiða á réttum gjalddaga vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan leggur til.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðunum er lokað.

12. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis umsjónarmanns hennar.

13. gr.

Meðan vísitala verðlagsnefndar er hærrí en 100 greiðast öll framannefnd gjöld með vísitöluálagi samkvæmt gildandi vísitölu á hverjum tíma.

14. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar, nr. 25 12. apríl 1933. Enn fremur er úr gildi felld auglýsing nr. 99 8. júní 1946, um breytingar á sömu reglugerð.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1949.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.